

Framlag Jöfnunarsjóðs:		
Inneign 1.1.1974	kr. 59 468 313.00	
Framlag 1974	— 120 000 000.00	
		kr. 179 468 313.00
		<hr/> Kr. 614 156 550.00

Reykjavík, 31. mars 1975.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:

Guðm. Vignir Józefsson, form. Hjalmar Vilhjálmsson. Alexander Stefánsson.
Magnús E. Guðjónsson.

28. nóvember 1975.

Nr. 528.

AUGLÝSING

um reglur um fyrirframútborgun væntanlegra eftirstöðva barnabóta, skv.
c-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið, að þeim gjaldendum, sem vænta mega verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1976, gefist kostur á að sækja um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1976, samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra, er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, og einungis til þeirra, sem vænta má, að eigi meira en 40 000 kr. eftir af barnabótum sínum vegna skattársins 1975, eftir að frá hafa verið dregin þau opinberu gjöld fyrir gjaldárið 1976, er um ræðir í 2. mgr. c-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975. Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta því undir 20 000 krónum kemur hann ekki til útborgunar fyrirfram.
2. Þeir, sem fyrirframgreiðslu óska, skulu senda umsókn þar að lútandi í tvíriti til skattstofu í umdæmi sínu. Skal umsókn þessi gerð á þar til gerð eyðublið, sem liggja frammi hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og innheimtumönnum ríkissjóðs.
3. Umsókn skal fylgja skattframtali umsækjanda árið 1976. Umsókn og framtal skal leggja í umslag og merkja það: Umsókn um fyrirframgreiðslu barnabóta.
4. Ef um er að ræða sambýli fólks, sem átt hefur börn saman, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.
5. Umsóknarfrestur er hinn sami og almennur skilafrestur framtala, þ. e. 31. janúar 1976. Þeir, sem hafa annan skilafrest framtala en að ofan greinir, skulu hafa sent inn umsókn í allra síðasta lagi 29. febrúar 1976.
6. Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar af barnabótum árið 1976. Síðan tilkynnir skattstjóri umsækjanda ef umsókn er sýnjað en samþykktar umsóknir munu berast hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs, sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. tl. hér að framan og því, að umsækjandi (og sambýlisaðili ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri árum.
7. Stefnt er að því, að útborgun barnabóta samkvæmt umsóknum, sem borist hafa innan 31. janúar 1976, hefjist í mars 1976. Útborgun samkvæmt umsóknum sem berast milli 1. og 29. febrúar hefist ekki fyrr en í apríl/máí 1976. Nánari ákvörðun um útborgunardaga verður auglýst síðar.

8. Þegar í ljós kemur við álagningu skatta, hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1976, verður fyrirfram greidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda, að gjaldandi, sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur, ber gjaldanda að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 529.

9. desember 1975.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

- I. 1. Bannað verður að stöðva eða leggja ökutækjum að norðanverðu við Laugaveg frá Hlemmi að Snorrabraut.
 2. Hægri beygja af Laugavegi til norðurs í Snorrabraut verður bönnuð.
 3. Nyrsta akreín Laugavegs frá Hlemmi að Snorrabraut verður eingöngu ætluð strætisvögnum.
 4. Bifreiðastöður verða bannaðar á Laugavegi vestan Snorrabrautar á 15 m löngum kafla næst gatnamótunum.
 - II. Ármúli verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann viki fyrir umferð um Grensásveg og Háaleitisbraut.
 - III. 1. Einstefnuakstur verður á Ljósvallagötu til norðurs frá Hringbraut að Ásvallagötu.
 2. Bifreiðastöður verða leyfðar beggja vegna á sama kafla Ljósvallagötu.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. desember 1975.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. desember 1975.

Sigurjón Sigurðsson.